

GJALDSKRÁ OG REGLUR

fyrir símaþjónustu.

(Söluskattur er ekki innifalinn).

Gildir frá 20. apríl 1978.

I. KAFLI

Gjaldskrá fyrir talsímanotendur í sambandi við sjálfvirkar miðstöðvar.

1. Stofngjald.

- | | |
|---|------------|
| 1.1. Fyrir númer í miðstöð og venjulegt talfæri með línu | kr. 41 000 |
| 1.2. Fyrir hvert aukatalfæri í sama húsi (ekki hægt að tala á milli) | — 10 300 |
| 1.3. Viðbótargjald fyrir annan lit en gráan á talfæri | — 1 700 |
| 1.4. Fyrir venjulegan aukatengil (ekkert afnotagjald) | — 8 000 |

Stofngjöld fyrir annan búnað eru samkvæmt sérgjaldskrá.

Framangreint gjald miðast við síma innan marka samfelldrar þéttrar byggðar út frá hlutaðeigandi símstöð, samkvæmt nánari ákvörðun póst- og símamálastjórnarinnar. Þó greiðist aukagjald, þegar leggja á síma í hús, sem stendur meira en 50 metra frá aðalvegi, þar sem aðaljarðsímur liggja.

Utan þessara marka greiðist aukastofngjald af línuleiðinni frá nefndum mörkum og til hlutaðeigandi notanda. Nefnd aukagjöld eru ákveðin af póst- og símamálastjórninni í hvert skipti.

Hluti af stofngjaldi — að jafnaði helmingur — greiðist fyrir fram, þegar símaþöntun hefur verið tekin til greina og undirbúningsframkvæmdir eru hafnar, og afgangurinn þegar síminn er tengdur, og er þá miðað við hina gildandi gjaldskrá á hverjum tíma.

Þegar handvirkum síma er breytt í sjálfvirkan síma, má krefjast aukastofngjalds, sem svarar hálfum mismun á stofngjaldi við sjálfvirkan og handvirkan síma.

Stofngjöld fyrir aukatalfæri og annan sérbúnað gilda aðeins, þegar sami aðili hefur búnaðinn.

Póst- og símamálastjórninni er heimilt að veita löggiltum rafverktökum sérstakt leyfi til að draga símataugar í rör, sem tilheyra viðkomandi íbúðum enda hafi áður verið komið á samstarfi við hlutaðeigandi rafveitur varðandi samþykki teikninga fyrir símalagnir.

Hér er aðeins um að ræða einfaldar símalagnir í íbúðarhúsum, það er uppsetningu á tenglum, sem póst- og símamálastjórnin hefur viðurkennt og tengingu þeirra, en ekki tengingu inn í húskassa.

Símnotendur ráða fjölda tengla, enda fellur stofngjald af þeim niður í þessum tilfellum.

2. Afnotagjald.

Afnotagjald greiðist ársfjórðungslega fyrirfram. Umframgjald miðast að jafnaði við notkun símans næsta eða næstsíðasta ársfjórðung á undan.

Þó má, þegar sérstaklega stendur á vegna tilfærslu á greiðslumánuði ársfjórðungsgjalda, krefjast afnotagjalda 1—2 mánuði fram í tímann, þegar tilfærsla fer fram.

Enda þótt væntanlegur símnotandi, sem beðið hefur um síma, sé af einhverjum ástæðum ekki reiðubúinn til þess að taka við honum, þegar stofnunin getur veitt aðgang að línu og númeri í miðstöð, skal þó reikna hið venjulega afnotagjald af símanum strax frá þeim tíma, er stofnunin gat látið umbeðna þjónustu í té, og síðari hluta stofngjalds.

- 2.1. Ársfjórðungsgjaldið fyrir númer í miðstöð og venjulegt talfæri með línu er kr. 6 000 að viðbættum kr. 13.00 fyrir hvert teljaraskref umfram 600 á ársfjórðungi, nema þar sem notendafjöldi er yfir 20 000 á sama stöðvargjaldssvæði, þar verða 300 skref innifalin í fastagjaldinu.
- 2.2. Fyrir verslunar- og/eða atvinnusíma greiðist gjaldið 2.1. hér að framan, auk kr. 2 000 á ársfjórðungi.
- 2.3. Ársfjórðungsgjald fyrir aukatalfæri (ekki hægt að tala á milli) kr. 820 Hjá notendum, sem hafa tvær eða fleiri línur í sjálfskiptireit stöðvarinnar, er flokkunin miðuð við meðalskrefafjölda á númerunum.

Framangreind gjöld miðast við síma innan marka samfelldrar þéttar byggðar út frá hlutaðeigandi miðstöð, samkvæmt nánari ákvörðun póst- og símamálastjórnarinnar.

Utan þessara marka greiðist fjarlægðargjald af línuleiðinni frá nefndum mörkum og til hlutaðeigandi notanda.

Afnotagjöld fyrir annan búnað eru samkv. sérgjaldskrá, en gilda því aðeins að sami aðili hafi öll tækin.

3. Flutningsgjald.

- 3.1. Milli húsa á svæði sömu miðstöðvar fyrir hvert venjulegt talfæri með línu kr. 20 500
(Flutningsgjald greiðist að fullu, enda þótt sími sé fyrir í því húsi, sem flutt er í).
- 3.2. Innanhúss, á aðaltalfæri, aukatalfæri eða aukabjöllu — 8 000
- 3.3. Innanhúss og milli húsa á aukatengli — 8 000
- 3.4. Milli stöðvargjaldsvæða — 27 000
Flutningsgjöld fyrir annan búnað milli stöðvargjaldsvæða eru samkvæmt sérgjaldskrá.

Sé um óvenjulega kostnaðarsaman flutning að ræða, eða flutning á öðrum tækjum, sem ekki eru nefnd hér að framan, greiðist gjald, sem er ákveðið af póst- og símamálastjórninni.

Sé sími fluttur á sama ári og hann er settur upp, eða oftast en einu sinni á sama ári, innan svæðis sömu simstöðvar, og aðeins er um nýja innanhússlögn að ræða og ekki neinn óvenjulegan kostnað, má lækka flutningsgjaldið (milli húsa) niður í allt að kr. 10 300 ef flutt er innan 6 mánaða, en í allt að kr. 12 800 ef 6—12 mánuðir líða á milli.

4. Viðtökugjald og gjald fyrir númeraskipti.

Flytji einhver í húsnæði og taki samtímis við síma og aukabúnaði skv. I. kafla 1. af öðrum aðila, sem hættir að vera símnotandi og án breytinga á símalögn er gjaldið kr. 20 500.

Viðtökugjald lækkar í kr. 3 500 af heimilissíma og aukabúnaði skv. I. kafla 1., þegar barn, barnabarn eða tengdabarn tekur við símanum af foreldri og gagnkvæmt. Sama gildir um systkini og maka þeirra.

Óski símnotandi að skipta um símanúmer og verði það samþykkt, er gjald fyrir slík númeraskipti kr. 7 000.

Viðtökugjald fyrir sérbúnað verður ákveðið af póst- og símamálastjórninni í hvert skipti.

5. Leiga og uppsögn.

Segja má símasambandinu upp um mánaðamót með minnst eins mánaðar fyrirvara, og skal það gert skriflega.

Þegar sérstaklega stendur á, svo sem þegar um bráðabirgðasíma er að ræða, má þó leigja afnot af síma e. þ. l. fyrir lægra gjald en venjulegt árlegt afnotagjald, og ákveður póst- og símamálastjórnin þá gjaldið í hverju tilviki með tilliti til aðstæðna. Sama gildir um stofngjald.

6. Viðgerð notendabúnaðar.

Viðgerðarkostnaður notendabúnaðar er ekki innfallinn í afnotagjaldi, en greiðist eftir reikningi, nema um eðlilegt slit sé að ræða.

II. KAFLI

Gjaldskrá fyrir talsímanotendur í sambandi við handvirkar miðstöðvar, sbr. þó III. kafla um notendasíma í sveitum.

1. Stofngjald.

1.1. Fyrir númer í miðstöð og venjulegt talfæri með línu	kr. 31 000
1.2. Fyrir hvert aukatalfæri í sama húsi	— 13 200
1.3. Fyrir aukatengil með rafvökum (ekkert afnotagjald)	— 8 000

2. Afnotagjald á ársfjórðungi.

2.1. Fyrir hvert númer í miðstöð og venjulegt talfæri með línu.

Afnotagjaldið er tilfært í heilum krónum.

Afgreiðslutími miðstöðvar á virkum dögum		2—3 notendur á sömu línu	Yfir 3 notendur á sömu línu
2 std.	2 600	2 080	1 560
4 —	3 500	2 800	2 100
6 —	3 900	3 120	2 340
8 —	4 400	3 520	2 640
10 —	4 800	3 840	2 880
12 —	4 900	3 920	2 940
14 —	5 100	4 080	3 060
16 —	5 200	4 160	3 120
24 —	5 700	4 560	3 420

Ef afgreiðslutími stöðvar er lengdur frá því sem að framan getur, bætist við ársfjórðungsgjaldið fyrir hverja ½ klukkustund til viðbótar sem svarar fjórðungi af mismun milli flokka fyrir sérlínu, en hlutfallslega lægra, ef fleiri eru á línu. Viðbótargjaldið skal þó hækka eða lækka þannig að standi á heilum tug króna.

2.2. Fyrir hvert aukatalfæri í sama húsi	kr. 2 100
--	-----------

2.3. Almenn ákvæði.

Ofanefnt afnotagjald fyrir talfæri með línu og númeri í miðstöð hækkar um 30% hjá hvers konar atvinnu- og verslunarfyrtækjum. Þessi hækkun gildir ekki á stöðvum með afgreiðslutíma undir 10 klst. á virkum degi.

Afnotagjald fyrir talsíma greiðist fyrirfram einn ársfjórðung í senn, og eru gjalddagar 1. virkan dag í janúar, apríl, júlí og október. Þegar um nýtt samband er

að ræða, fer hæð gjaldsins í fyrsta sinn eftir því, hve langur tími er eftir af ársfjórðungi þeim, sem stendur yfir, þegar símasambandið er opnað, og telst þá hluti úr mánuði sem heill mánuður.

Enda þótt væntanlegur símnotandi, sem beðið hefur um síma, sé af einhverjum ástæðum ekki reiðubúinn til þess að taka við honum, þegar stofnunin getur veitt aðgang að línu og númeri í miðstöð, skal þó reikna hið venjulega afnotagjald af símanum strax frá þeim tíma er stofnunin gat látið umbeðna þjónustu í té, og síðari hluta stofngjalds.

Afnotagjöld fyrir annan búnað eru samkv. sérgjaldskrá, en gilda því aðeins að sami aðili hafi öll tækin.

3. Flutningsgjald.

3.1. Milli húsa á svæði sömu miðstöðvar, fyrir hvert venjulegt talfæri með línu	kr. 15 500
3.2. Innanhúss, á aðaltalfæri, aukatalfæri eða aukabjöllu	— 8 000
3.3. Innanhúss, og milli húsa á aukatengli	— 8 000
3.4. Milli stöðvargjaldsvæða	— 21 000

Áðurnefnd gjöld, sem nefnd eru undir 2. og 3. lið eru lágmarksgjöld. Ef nýlagnir krefjast tiltölulega mikils kostnaðar að dómi póst- og símamálastjórnarinnar vegna tæknilegra annmarka, verða gjöldin ákveðin af henni í hvert skipti.

Sé sími fluttur á sama ári og hann er settur upp, eða oftast en einu sinni á sama ári, og aðeins er um nýja innanhússlögn að ræða og ekki neinn óvenjulegan kostnað má lækka flutningsgjaldið (milli húsa) niður í allt að kr. 6 000.

4. Viðtökugjald og gjald fyrir númeraskipti.

Flytji einhver í húsnæði og taki samtímis við síma og aukabúnaði skv. II. kafla 1. af öðrum aðila, sem hættir að vera símnotandi og án breytinga á símalögn er gjaldið kr. 15 500.

Viðtökugjald lækkar í kr. 3 500 af heimilissíma og aukaútbúnaði skv. II. kafla 1., þegar barn, barnabarn eða tengdabarn tekur við símanum af foreldri og gagnkvæmt. Sama gildir um systkini og maka þeirra.

Óski símnotandi að skipta um símanúmer og verði það samþykkt, er gjald fyrir slík númeraskipti kr. 7 000.

Viðtökugjald fyrir sérbúnað verður ákveðið af póst- og símamálastjórninni í hvert skipti.

5. Leiga og uppsögn.

Segja má símasambandinu upp um mánaðamót með minnst eins mánaðar fyrirvara, og skal það gert skriflega.

Þegar sérstaklega stendur á, svo sem þegar um bráðabirgðasíma er að ræða, má þó leigja not af síma e. þ. l. fyrir lægra gjald en venjulegt árlegt afnotagjald, og ákveðst gjaldið þá í hverju tilfelli af póst- og símamálastjórninni með tilliti til aðstæðna. Sama gildir um stofngjald.

6. Viðgerð notendabúnaðar.

Viðgerðarkostnaður notendabúnaðar er ekki innifalinn í afnotagjaldi en greiðist eftir reikningi, nema um eðlilegt slit sé að ræða.

III. KAFLI

Notendasímar í sveitum.

1. Stofngjald.

Um notendasíma á ábýlisjörðum í sveitum gilda eftirfarandi almennar reglur:

- 1.1. Stofngjald fyrir hvern handvirkan síma er kr. 21 000. Sé um sérstaklega örðugar eða kostnaðarsamar lagnir að ræða, ákveður póst- og símamálastjórnin stofngjald í hvert skipti eða eftir samkomulagi.
- 1.2. Stofngjald fyrir sjálfvirka síma sama og í I. kafla 1., en þó með 20% afslætti, ef 2—3 eru saman um línu, en 40% afslætti, ef þeir eru fleiri um línuna.

2. Afnotagjald á ársfjórðungi.

- 2.1. Fyrir hvern handvirkan síma í sambandi við miðstöð með eftirfarandi afgreiðslutíma:

2 std.	kr. 1 300
4 —	— 1 600
6 —	— 2 000
8 —	— 2 400
10 —	— 2 500
12 —	— 2 600
14 —	— 2 700
16 —	— 2 800
24 —	— 3 000

- 2.2. Fyrir hvern sjálfvirkan síma greiðist sama gjald og um getur í I. kafla 2.
- 2.3. Viðgerðarkostnaður notendabúnaður er ekki innifalinn í afnotagjaldi, en greiðist eftir reikningi, nema um eðlilegt slit sé að ræða.

3. Almenn ákvæði.

- 3.1. Síminn fylgir jörðinni, og má ekki rifta því. Nýr ábúandi á jörðinni þarf ekkert viðtökugjald að greiða.
- 3.2. Ef notandi óskar flutnings á símanum, greiðir hann kostnað eftir reikningi.
- 3.3. Leggist jörð í eyði eða ef ábúandi vill ekki hafa símann, má taka hann burtu. Línuna skal þó ekki taka niður á fyrsta ári, ef líkur benda til, að jörðin verði aftur í byggð eða ábúendaskipti verði. Skal haft um þetta samráð við hlutaðeigandi oddvita.
- 3.4. Við nýlagningu annist hlutaðeigendur á sinn kostnað flutning efnis frá skips- hlið á Eimskipafélagshöfn út á línustæðið, svo og dreifingu efnisins þar.
- 3.5. Símotendur eru að sjálfsögðu háðir sömu reglum og venjum, sem almennt gilda um meðferð símtækja og starfrækslu notendasíma.
- 3.6. Póst- og símamálastjórnin hefur að sjálfsögðu, hvenær sem er, heimild til að fjölga sínum út frá notendasímalínunum eða í framhaldi af þeim.
- 3.7. Stofngjöld greiðast fyrir fram og eigi síðar en þegar síminn er tengdur í samband. Afnotagjald greiðist fyrir fram fyrir einn ársfjórðung í senn, og eru gjald- dagar 1. virkan dag í janúar, apríl, júlí og október.

Þegar um nýtt gjald er að ræða, fer gjaldið í fyrsta sinn eftir því, hve langur tími er eftir af ársfjórðungnum, sem stendur yfir, þegar símasambandið er opnað, og telst þá hluti úr mánuði sem heill mánuður.

- 3.8. Undir ákvæði þessa kafla gjaldskrárinnar falla símar bænda í sveitum almennt, nema þeirra, sem búa í hverfum, þorpum eða kaupúnum eða í nágrenni þeirra

og hafa síma á sérstakri línu eða fáir saman á línu. Um síma þeirra fer eftir ákvæði I. eða II. kafla eftir því, sem við á, allt samkvæmt ákvörðun póst- og símamálastjórnarinnar. Þannig greiðist afnotagjald fyrir síma í sumarþú-stöðum, veiðiskálum, íþróttaskálum, skólum, gisti- og veitingastöðum, hjá iðn-rekendum, atvinnurekendum eða verslunum o. s. frv., samkvæmt I. eða II. kafla, en ekki samkvæmt þessum kafla. Um síma hjá öðrum aðilum eða stofnunum í sveit, eða þar sem sérstaklega stendur á, fer í hvert skipti eftir ákvörðun póst- og símamálastjórnarinnar eða eftir samkomulagi.

IV. KAFLI Símtalagjald.

1. Símtalagjald innanlands.

Gjöld fyrir langlínusímtöl sem valin eru sjálfvirkt:

- 1.1. Dagtaxti er frá kl. 08:00 til kl. 19:00 frá mánudegi til föstudags og frá kl. 08:00 til kl. 15:00 á laugardögum.

Gjald- flokkur	Sek. í skrefi	Verð fyrir hv. mín. kr.
O	ót. tími	
A	60 sek.	13.00
2	12 —	65.00
3	10 —	78.00
4	8 —	97.50
5	6 —	130.00

- 1.2. Næturtaxti er frá kl. 19:00 til kl. 08:00 frá mánudegi til föstudags og frá kl. 15:00 á laugardegi til kl. 08:00 næsta mánudag.

Gjald- flokkur	Sek. í skrefi	Verð fyrir hv. mín. kr.
A	120 sek.	6.50
2	24 —	32.50
3	20 —	39.00
4	15 —	52.00
5	12 —	65.00

2. Langlínusímtöl afgreidd um handvirkar miðstöðvar.

		Minnsta gjald	Umframingjald pr. mín.
2.1. Um 0—10 km línulengd	kr.	90	kr. 30
— 10—25 — —	—	144	— 48
— 25—100 — —	—	195	— 65
— 100—225 — —	—	246	— 82
— 225—350 — —	—	297	— 99
— Yfir 350 — —	—	384	— 128

Ofanefnt símtalagjald gildir ekki, þegar um sjálfvirka afgreiðslu milli stöðva er að ræða, en þá er í hverju tilfelli ákveðið hvernig reikna skuli greiðslu fyrir millistöðva-símtöl.

- 2.2. Hraðsímtal: þrefalt venjulegt símtalagjald.

- 2.3. Forgangshraðsímtal: tífalt venjulegt símtalagjald.

- 2.4. Kvaðning: kr. 110. Kvaðningargjald greiðist hvort sem náðst hefur í umbeðinn mann eða ekki.
- 2.5. Afgreiðslugjald: kr. 140 reiknast ávallt fyrir handvirka afgreiðslu símtala um leiðir, þar sem sjálfvirkt langlínusamband er fyrir. Kvaðning er ekki innifalin.
- 2.6. Boðsending: kr. 180 á venjulegu útburðarsvæði símstöðva, og 180 fyrir hvern byrjaðan km út fyrir það. Boðsendingargjaldið greiðist hvort sem úr samtali verður eða ekki.

3. Símtalagjöld milli Íslands og annarra landa.

Þau ákvarðast eftir alþjóðasamþykktum og milliríkjasamningum, og tilkynnir póst- og símamálastjórnin þau, eins og þau eru á hverjum tíma.

4. Radió-símtöl við skip og báta.

Gjöld fyrir símtöl um íslenskar strandarstöðvar milli íslenskra skipa og lands:

- 4.1. Línugjald kr. 144 fyrir fyrstu 3 mín. og kr. 48 fyrir hverja mín. eða brot úr mín. þar fram yfir.
- 4.2. Standardgjald kr. 300, ef skipið er ekki meira en 150 sjómíllur frá landi, en annars kr. 420 fyrir fyrstu 3 mín. og kr. 100 eða kr. 140 fyrir hverja mín. eða brot úr mín. þar fram yfir.
- 4.3. Skipsgjald mismunandi eftir skipum, sé gjaldið tekið.
- 4.4. Aukaþjónusta eftir tegund, að ósk samtalsbeiðanda, greiðist samkvæmt IV. kafla.
- 4.5. Fyrir radiósímtöl við skip til eða frá útlöndum er gjaldið þannig reiknað:
 - a. Gjald milli Íslands og hlutaðeigandi lands.
 - b. Strandargjald.
 - c. Skipsgjald, ef skipið tekur slíkt gjald.
 - d. Gjald fyrir aukaþjónustu að ósk samtalsbeiðanda, sem greiðist samkv. IV. 2.

V. KAFLI

Símskeytagjald.

1. Gjald fyrir símskeyti innanlands.

- 1.1. Venjuleg símskeyti: Grunn gjald kr. 125 og kr. 15 fyrir hvert orð. Lágmarks-orðafjöldi 7 orð.
- 1.2. Hraðskeyti: Tvöfalt venjulegt skeytagjald.
- 1.3. Veðurskeyti: Kr. 150 fyrir hvert skeyti.
- 1.4. Símapóstávisanir: Gjald kr. 560 án tillits til orðafjölda.
- 1.5. Heillaskeyti: Sama og fyrir venjuleg símskeyti, auk kr. 150 fyrir heillaskeytis-eyðublaðið.
- 1.6. Samúðarskeyti: Grunn gjald kr. 125. Sendanda er í sjálfsveld sett, hve mikið hann gefur, og rennur sú upphæð óskert til Landsspítalaskjóðs.
- 1.7. Sendiferðir með símskeyti: Símskeyti eru borin út endurgjaldslaust allt að einum kílómetra frá símstöð. Í bæjum og kaupúnum er útburðarsvæðið þó miðað við samfellda byggð. Ef senda þarf með skeyti út fyrir útburðarsvæðið, skal greiða kr. 170 fyrir hvern kílómetra. Þetta gildir um fjarlægð, er nemur allt að 10 kílómetrum og undir venjulegum kringumstæðum. Þegar vegalengdin er meiri, skal greiða gjald, sem ákveðið er eftir fyrirspurn í hvert skipti.

Þótt ekki sé greitt fyrir sendiferð með símskeyti, sem afhenda skal utan útburðarsvæðis, ber símstöðinni að greiða fyrir því, að símskeytið komist til

- viðtakanda svo fljótt sem unnt er, t. d. með því að sæta tækifærisferðum eða næstu póstferð eða láta vita af því í síma eða á einhvern annan tiltækan hátt.
- 1.8. Fyrir fram greitt svar (RP): Ef sendandi óskar að greiða gjald fyrir svarskeyti, skal skrifa RP fyrir framan nafnkveðjuna og tiltaka jafnframt orðafjölda svarskeytisins. RP 10 þýðir, að svar sé greitt fyrir 10 orða skeyti.
- 1.9. Samanburður til tryggingar gegn missínum (TC): Aukagjald er helmingur venjulegs símskeytagjalds.

2. Gjald fyrir símskeyti til útlanda.

Gjald fyrir símskeyti til útlanda er ákveðið af alþjóðasamþykktum og milliríkjasamningum, og tilkynnir póst- og símamálastjórnin þau eins og þau eru á hverjum tíma.

3. Gjald fyrir skeytaafgreiðslu við skip og báta.

- 3.1. Almenn loftskæti.
- 3.1.1. Gjald fyrir loftskæti til og frá íslenskum skipum um íslenskar strandarstöðvar, ef afhendingar- eða ákvörðunarstöð skætis er á Íslandi, er þannig reiknað:
- Grunn gjald fyrir hvert skæti kr. 125.
 - Línugjald kr. 15 á hvert orð.
 - Strandargjald kr. 20 hvert orð.
 - Skipsgjald, ef skipið tekur slíkt gjald.
 - Gjald fyrir aukabjónustu að beiðni sendanda.
- Minnsta gjald er hið sama og fyrir 7 orð.
- 3.2. Sérstök loftskæti.
- 3.2.1. Gjald fyrir veðurskæti frá ísl. skipum til Veðurstofu Íslands er kr. 150
- 3.2.2. Gjöld fyrir önnur loftskæti og aukabjónustu eru í samræmi við 1. og 2. grein þessa kafla.
- 3.3. Gjöld erlendra skipa eru samkvæmt alþjóðagjaldskrá.

VI. KAFLI

Telex- og fjarritvélar.

1. Stofngjald, afnotagjald og flutningsgjald.

Gjöldin eru ákveðin af póst- og símamálastjórninni í sérgjaldskrá.

2. Gjald fyrir telexritanir.

- 2.1. Telexritanir innanlands greiðast með kr. 13.00 fyrir hvert teljaraskref, og samsvavar það kr. 32. 50 á mínútu.
- 2.2. Gjald fyrir telexritanir til útlanda ákvarðast af alþjóðasamþykktum og milliríkjasamningum og tilkynnir póst- og símamálastjórnin þau eins og þau eru á hverjum tíma.

3. Leiga, uppsögn o. fl.

Stofngjald greiðist fyrirfram, áður en uppsetning er hafin, og afnotagjöld ber að greiða ársfjórðungslega fyrirfram, og eru gjalddagar hinir sömu og fyrir afnotagjald af síma. Hluti úr mánuði telst sem heill mánuður við fyrsta reikning.

Notandi skal sjálfur annast og bera kostnað af tryggingu þess fjarritabúnaðar, sem er í hans vörslu, gagnvart bruna, vatnsskaða eða öðru tjóni.

Segja má sambandinu upp um mánaðamót með eins mánaðar fyrirvara, og skal það gert skriflega.

Upplýsingar um endurkaupsverð búnaðar fást hjá Pósti og síma hverju sinni.

VII. KAFLI

Sambönd og línur.

Gjöldin eru ákveðin af póst- og símamálastjórninni í sérgjaldskrá.

VIII. KAFLI

Sérbúnaður við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar.

Gjöldin eru ákveðin af póst- og símamálastjórninni í sérgjaldskrá.

IX. KAFLI

Skrásetning símnafna.

Fyrir skrásetningu símnafna greiðast kr. 3 150 á ári. Sé sama símnefni skrásett á fleiri en 10 símstöðvum, greiðast þó aðeins kr. 600 fyrir hverja skráningu þar fram yfir. Gjaldið greiðist fyrirfram fyrir almanaksárið. Brot úr ári telst sem heilt ár. Uppsagnarfrestur er 3 mánuðir, og er hann gagnkvæmur.

X. KAFLI

1. Símaskráin.

Póst- og símamálastjórnin gefur út símaskrá og leggur hverjum leigusíma til eitt eintak af hverri útgáfu hennar. Framan á kápu símaskrár skulu prentuð svæðanúmer sjálfvirka símakerfisins og á bakhlið hennar upplýsingar, sem nauðsynlegt þykir að dómi póst- og símamálastjórnarinnar að birta almenningi. Óheimilt er, að viðlagðri ábyrgð, ef út af er brugðið, að hylja framangreindar upplýsingar með ógagnsærrri hlífðarkápu eða á annan hátt. Póst- og símamálastjórnin ber ekki ábyrgð á villum, sem kunna að vera í símaskránni.

2. Skrásetning í símaskrána.

Hver talsímanotandi fær nafn sitt skráð ókeypis í einni línu í stafrófsskránni. Gjald fyrir hverja línu í stafrófsskránni fram yfir það, sem að ofan segir, er kr. 900. Sé auk aðalsímnotanda einn eða fleiri aukanotendur að sama síma, ber að greiða kr. 1 700 fyrir hvern aukanotanda. Aukasímnotendur geta ekki öðlast aðalsímnotendarétt (t. d. rétt til að fá símann fluttan eða skráðan eingöngu á sitt nafn) án þess að greiða uppsetningargjald fyrir númerið að nýju eða viðtökugjald, enda hefur póst- og símamálastjórnin ein umráðarétt símans.

Breytir engu í þessu, þó að aukasímnotandi hafi um lengri eða skemmri tíma haft nafn sitt í símaskránni eða greitt afnotagjald.

Óski símnotandi, að símanúmer hans sé ekki prentað í símaskrá og ekki gefið upp í 03, getur póst- og símamálastjórnin heimilað það gegn 1 400 króna gjaldi, sem greiðist einu sinni.

Póst- og símamálastjórnin ákveður tilhögun á símaskránni, og hún getur synjað mönnum um upptöku starfsheita, sem hún telur óeðlileg eða vafasamt, að hlutaðeigandi hafi rétt að bera.

3. Skrásetning í stafrófsskrána.

3.1. Breytt letur í skrá, hver lína	kr. 1 500
3.2. Aukanafn í skrá	— 1 700
3.3. Aukalína í skrá, hver lína	— 900
3.4. Aukanafn með breyttu letri (1 lína) kr. 1 500 + 1 700	— 3 200

Aukalínur eru taldar: Ef fyrirtæki lætur skrásetja nöfn starfsmanna sinna í skrána undir nafni fyrirtækisins. Sé starfsmaður fyrirtækis ekki aðalsímnotandi og ekki skráður í skránni sem aukasímnotandi annars staðar en undir nafni fyrirtækisins (en ekki undir sínu nafni), skal reiknað fyrir það kr. 1 700 sem aukanafn.

4. Skrásetning í atvinnuskrána.

4.1. Ókeypis skrásetning.

Hver símnotandi, sem rekur atvinnu- eða verslunarfyrirtæki og óskar skriflega eftir skráningu í atvinnu- og viðskiptaskrána í samræmi við þá flokkun, er póst- og símamálastjórnin hefur ákveðið, fær ókeypis eina línu til skrásetningar á símanúmeri sínu, ásamt nafni og heimilisfangi, með venjulegu letri í einn flokk skrárinnar. Aukasímnotendur öðlast ekki rétt til ókeypis skráningar.

4.2. Skrásetning gegn borgun.

Ef símnotandi vill láta skrá sig í fleiri en einn flokk, kostar hver skrásetning fram yfir þá fyrstu kr. 900. Ef nafnið óskast skráð með breyttu letri, kostar það kr. 1 500. Auglýsingalína kostar kr. 900.

5. Auglýsingar í símaskrá.

Póst- og símamálastjórninni er heimilt að taka auglýsingar til birtingar í símaskránni að því marki, sem hún telur að samrýmist númeraskránni.

XI. KAFLI

Radíótæki og þjónusta um radióstöðvar.

1. Radíóeftirlitsgjöld.

Gjöld vegna talstöðva skulu vera sem hér segir:

1.1.	Fyrir milli-, stutt-, og metrabylgjustöðvar í skoðanaskyldum skipum, bátum og flugvélum og fastastöðvar (þar með taldar móðurstöðvar fyrir þjónustu við bifreiðar).	
1.1.1.	Leyfisbréfgjald þegar samanlagt sendiafl er yfir 100 wött (endurnýjist við allar breytingar á stöðinni)	kr. 3 900
1.1.2.	Árlegt eftirlitsgjald senda samanlagt yfir 100 wött	— 8 550
1.1.3.	Leyfisbréfgjald, þegar samanlagt sendiafl er 100 wött eða minna (endurnýjist við allar breytingar á stöðinni)	— 1 800
1.1.4.	Árlegt eftirlitsgjald senda samanlagt 100 wött eða minna	— 5 700
1.2.	Fyrir milli-, stutt- og metrabylgjustöðvar í bifreiðum og vinnutækjum, sem eru einungis skoðaðar eftir ósk notanda eða af gefnu tilefni.	
1.2.1.	Leyfisbréfgjald (endurnýjist við allar breytingar á stöðinni)	— 1 800
1.2.2.	Árlegt starfrækslugjald fyrir metrabylgjustöðvar í bifreiðum með sértíðni eingöngu og í bátum, sem ekki eru skoðunarskyldir	— 2 400
1.3.	Fyrir almenningstöðvar (CB) í 27 MHz tíðnisviðinu.	
1.3.1.	Leyfisbréfgjald fyrir stöðvar 0,5 watt eða minni (innifelur starfrækslugjald á því ári, sem leyfið er gefið út)	— 3 400
1.3.2.	Árlegt starfrækslugjald fyrir stöðvar 0,5 watt eða minni	— 1 400
1.3.3.	Leyfisbréfgjald fyrir stöðvar stærri en 0,5 watt, leyfðar samkvæmt undanþágum (innifelur starfrækslugjald á því ári, sem leyfið er gefið út)	— 4 000
1.3.4.	Árlegt starfrækslugjald fyrir stöðvar stærri en 0,5 watt	— 2 000

1.4. Önnur gjöld.

1.4.1. Leyfisbréf vegna amatörstöðvar ásamt upphafsskoðun (endurnýist við tilfærslu milli T-, A-, B- og C leyfa)	— 3 700
1.4.2. Leyfisbréf nýliða vegna amatörstöðvar ásamt upphafsskoðun (gildir í 2 ár)	— 1 800
1.4.3. Leyfisbréf vegna fjarstýringa á bílskúrðshurðum	— 1 600
1.4.4. Leyfisbréf vegna fjarstýringa á líkönnum	— 750
1.4.5. Fyrir skirteini loftskeytamanns	— 3 000
1.4.6. Fyrir skirteini talstöðvarvarðar	— 1 500
1.4.7. Fyrir aukaskoðun amatörstöðvar	— 2 000
1.4.8. Innsigliðgjald (ferðakostnaður samkvæmt reikningi)	— 4 000

2. Viðskiptagjöld.

- 2.1. Radiósímtöl við skip og báta.
Sjá kafla IV. 4 hér að framan.
- 2.2. Skeytaafgreiðsla við skip og báta.
Sjá kafla V. 3 hér að framan.
- 2.3. Viðskiptagjöld vegna radióstöðva og í verstöðvum.
Vegna radióstöðva, sem komið er upp í verstöðvum á vegum samtaka útvegsmanna á viðkomandi stað, skal greiða eftirfarandi daggjöld:

Fyrir 6—15 báta	— 1 600
Fyrir 1— 5 báta	kr. 900
Fyrir 16—30 báta	— 2 200
Fyrir 31 bát og fleiri	— 2 850

Ef um leigutalstöð er að ræða, greiðast að auki venjuleg leigugjöld samkvæmt sérgjaldskrá.

- 2.3.2. Vegna metrabylgjustöðva, sem komið er upp á stöðum þar sem Póstur og sími veitir ekki strandstöðvarþjónustu á metrabylgjurásum, skal greiða eftirfarandi daggjald enda sé eingöngu um að ræða viðskipti, er lúta að rekstri fiskiskipa og veiðum kr. 1 650.
- 2.4. Viðskiptagjöld og reglur vegna sammingsbundinna viðskipta við fiskibáta.
- 2.4.1. Póst- og símamálastjórnin lætur fiskibátum í té alla strandarstöðvaþjónustu, sem þeir þurfa á að halda vegna reksturs og útgerðar bátsins, gegn ákveðnu ársfjórðungslegu viðskiptagjaldi.
- 2.4.2. Viðskipti þessi geta farið fram um hvaða strandarstöð Pósts og síma sem er.
- 2.4.3. Í þjónustu þessari eru innifalin símtöl, skeyti og skilaboð til afgreiðslu innan bæjarsímakerfis þess staðar, þar sem hlutaðeigandi strandarstöð er.
- 2.4.4. Afgreiðsla símtala eða skeyta um langlínukerfi Pósts og síma greiðist samkvæmt gjaldskrá þessari.
- 2.4.5. Póst- og símamálastjórnin ber ekki ábyrgð á lauslegum, munnlegum skilaboðum, og eru þau afgreidd á ábyrgð þess, er óskar flutnings þeirra.
- 2.4.6. Skilyrði þess, að útgerðarmaður eða félag geti orðið þessarar þjónustu að-njótandi eru:

að allir fiskibátar, sem skráðir eru innan hlutaðeigandi lögsagnarumdæmis og búnir talstöð, greiði slíkt viðskiptagjald; að samtök útvegsmanna í hlutaðeigandi lögsagnarumdæmi beri ábyrgð á greiðslu viðskiptagjaldanna á tilskildum tíma og að ofangreind viðskipti fjalli eingöngu um atriði, er varða útgerð og rekstur viðkomandi báts, og þess stranglega gætt, að þeim ákvæðum sé fylgt.

2.4.7. Ársfjórðungslegt viðskiptagjald fiskibáta skal vera sem hér segir:

- a. fyrir minni báta en 100 tonn kr. 4 800
 b. fyrir báta 100 tonn og stærri — 8 000

Í viðskiptagjaldinu er innifalin þjónusta strandarstöðva, allt að 25 sím-
 tölum og skilaboðum ársfjórðungslega fyrir báta minni en 100 tonn, og allt að
 40 símtölum og skilaboðum fyrir báta 100 tonn og stærri.

Þau símtöl og skilaboð, sem umfram kynnu að verða ofangreindar magn-
 tölur skulu greiddast samkvæmt gjaldskrá þessari, IV. kafla 4.

2.5. Viðskiptagjöld landfarstöðva.

2.5.1. Ársfjórðungslegt afnotagjald landfarstöðva sem nota rásir á millibylgju
 kr. 2 850.

2.5.2. Afgreiðslugjald fyrir hvert símtal afgreitt eða skilaboð send (fyrir símtöl
 eða skilaboð afgreidd frá afgreiðslustöð í landfarstöðvaþjónustunni til annars
 gjaldsvæðis í símakerfinu, en hún er í, greiðist língjald skv. gjaldskrá) kr. 400.

3. Skyldutilkynningar skipa.

Öll íslensk skip, sem eru tilkynningaskyld samkvæmt lögum frá 17. maí 1968
 og gildandi reglugerð þar að lútandi, greiði ársfjórðungsgjald fyrir flutning skyldu-
 tilkynningar um fjarskiptakerfið.

Gjaldið skal vera svo sem hér segir:

- Fyrir skip undir 15 rúmlestum brúttó kr. 1 600
 Fyrir skip 15 að 50 rúmlestum brúttó — 2 300
 Fyrir skip 50 að 100 rúmlestum brúttó — 3 200
 Fyrir skip 100 rúmlestir brúttó og yfir — 4 100

Gjald þetta er óviðkomandi öðrum viðskiptagjöldum vegna viðskipta skipa um
 strandarstöðvar Pósts og síma, og skal það greitt fyrirfram ársfjórðungslega.

Óheimilt er að hagnýta upplýsingar þær, er fást með skyldutilkynningunum,
 til annarra nota en öryggisgæslu vegna skipa og áhafna.

4. Almenn ákvæði.

4.1. Hver sá, sem óskar að starfrækja radiótæki á landi, sjó eða í lofti, innan ís-
 lensks lögsagnarumdæmis, skal senda póst- og símamálastjórninni skriflega
 umsókn um leyfi til þess ásamt nauðsynlegum upplýsingum um tækin og til-
 gang notkunar. Þetta gildir þó ekki um viðtæki, sem er fyrir útvarp eingöngu og
 er skráð hjá Ríkisútvarpinu. Verði slíkt leyfi veitt, er það gert með leyfisbréfi,
 þar sem tilgreind eru skilyrði fyrir leyfinu, leyfistími o. fl. Fyrir hvert leyfisbréf
 komi ákveðið gjald samkvæmt gildandi gjaldskrá um radiótæki. Skal gjaldið
 greitt við afhendingu leyfisbréfs.

4.2. Póst- og símamálastjórnin hefur eftirlit með notkun radiótækja. Talstöðvar
 í skipum og bátum með þilfari eru skoðaðar einu sinni á ári. Aðrar talstöðvar
 eru ekki háðar skoðunarskyldu, en eigendum þeirra er heimilt að koma með
 þær til skoðunar.

4.3. Þegar framkvæma skal skoðun, skal hlutaðeigandi stöðvarvörður sjá um, að
 nægilegi rafmagn sé fyrir hendi, svo að prófa megi tækin. Enn fremur getur eftir-
 litsmaður krafist þess, að stöðvarvörður sé viðstaddur skoðun og til aðstoðar
 eftirlitsmanni sé þess þörf, t. d. við skoðun lífbátasenda og þ. u. l. Sé stöðv-
 arvörður eða fullgildur staðgengill, að dómi eftirlitsmanns, ekki viðlátinn þrátt
 fyrir ósk eftirlitsmanns, er honum heimilt að taka sér aðstoðarmann, og ber
 þá leyfishafi stöðvarinnar aukakostnað, er af því kann að leiða. Óski leyfis-
 hafi radiótækja aukaskoðunar, einhverra ástæðna vegna, ber honum að greiða
 fyrir framkvæmd hennar aukalega hálf eftirlitsgjald að viðbættum ferða-
 kostnaði.

- 4.4. Þeim, sem leyfi fær fyrir sendistöð, ber að sjá um, að enginn starfræki hana, nema sá, sem fengið hefur skírteini hjá póst- og símamálastjórninni, er heimili honum starfrækslu slíkrar stöðvar (skírteini loftskammtamanns eða talstöðvarvarðar). Stöðin er þó ávallt undir yfirumsjón leyfishafa eða fulltrúa hans og starfræksla hennar á ábyrgð þeirra.
- 4.5. Bæði stöðvarverði og leyfishafa eða fulltrúa hans er skylt að undirrita þagnarheit og haga starfrækslunni í einu og öllu samkvæmt fyrirmælum póst- og símamálastjórnarinnar og hlíta þeim ákvæðum og reglum, innlendum og alþjóðlegum, sem settar eru og settar kunna að verða um starfrækslu slíkra stöðva. Verði misbrestur á þessu, getur póst- og símamálastjórnin afturkallað leyfisbréf stöðvarinnar, innsiglað hana eða, sé hún í leigu frá póst- og símamálastjórninni, tekið hana í sína vörslu.
- 4.6. Radióeftirlitsgjöld og annar kostnaður vegna tækjaskoðunar greiðist í síðasta lagi 10 dögum eftir framvísun reiknings.
- 4.7. Póst- og símamálastjórnin eða sérstakir umboðsmenn hennar sjá um uppsetningu og viðhaldsþjónustu á fastastöðvum. Uppsetningu og viðhaldsþjónustu á farstöðvum annast póst- og símamálastjórnin og þau verkstæði, sem fengið hafa heimild til viðgerða á ákveðnum gerðum talstöðva. Leyfishafi greiðir þessa vinnu samkvæmt reikningi.
- 4.8. Gjöld fyrir símtöl, símskeyti og annað það, sem gjaldskylt er og afgreitt er um símakerfið fyrir tilstuðlan stöðvar leyfishafa, eru á ábyrgð hans og greiðast innan 10 daga frá framvísun reiknings.
- 4.9. Hafi áfallin gjöld vegna radiótækja eða þjónustu ekki verið greidd á tilteknunum tíma, er póst- og símamálastjórninni heimilt að innsigla viðkomandi stöð. Um borð í skipum skal þetta þó gert þannig, að nota megi stöðina í neyðartilfalli. Enn fremur er póst- og símamálastjórninni heimilt að innheimta þessi gjöld með símreikningum hlutaðeigandi leyfishafa, að viðlagðri lokun símans.
- 4.10. Nú hefur stöð verið innsigluð vegna vanskila eða annarra brota. Skal þá leyfishafi greiða innsigliðgjald, áður en endurofnun fer fram. Ferðakostnað vegna innsigliunar greiðir leyfishafi.
- 4.11. Framangreindar reglur eiga ekki við um starfrækslu „amatör“-stöðva. Um þá starfsemi er fjallað í sérstakri reglugerð.
- 4.12. Innflutningur erlendra radiótækja er háður samþykki póst- og símamálastjórnarinnar. Innflytjendur skulu sækja um heimild á þar til gerðum eyðublöðum. Sé um fyrsta innflutning á talstöðvum að ræða, kannar póst- og símamálastjórnin með tegundaprófun, hvort stöðvarnar fullnægi þeim lágmarkskröfum, sem gerðar eru. Gjöld fyrir tegundaprófun eru samkvæmt sérstakri gjaldskrá fyrir radiótækki.
- 4.13. Leyfi til starfrækslu radióstöðva má segja upp með minnst mánaðarfyrirvara, miðað við mánaðamót, óski leyfishafi að hætta starfrækslu stöðvarinnar. Skal það gert skriflega og stílað til póst- og símamálastjórnarinnar. Vanræksla í þessum efnum leysir leyfishafa ekki frá greiðslu áfallinna gjalda.
- 4.14. Öll gjöld til póst- og símamálastjórnarinnar vegna starfrækslu radiótækja, sem ekki eru greidd á tilsettum tíma, eru lögtakskræf, samkvæmt 1. gr. laga nr. 29 frá 16. des. 1885.
- 4.15. Póst- og símamálastjórnin hefur nokkurt magn radiótækja til leigu eða til sölu samkvæmt nánari ákvörðun hverju sinni. Um kjör fer samkvæmt sérstakri gjaldskrá um radiótækki.

5. Reglur um starfrækslu talstöðva, sem annast viðskipti við bifreiðar eða önnur farartæki á landi.

- 5.1. Póstur og sími starfrækir fastastöðvar til almennra viðskipta við landfarstöðvar. Enn fremur veitir póst- og símamálastjórnin einstaklingum, fyrirtækjum og stofnunum leyfi til starfrækslu fastastöðva og úthlutar þeim tíðnum fyrir slíkar stöðvar.
- 5.2. Ekki er heimilt að tengja fastastöðvar, aðrar en stöðvar Pósts og síma, á nokkurn hátt við hið almenna símakerfi.
- 5.3. Um fastastöðvar leyfishafa mega einungis fara fram viðskipti, er varða atvinnurekstur hans. Óheimilt er að veita öðrum aðilum afnot af talstöðvum leyfishafa.
- 5.4. Fastastöðvar leyfishafa og farstöðvar, sem skipti eiga við stöðvar Pósts og síma skulu starfræktar af talstöðvavörðum, sem hafi skirteini útgefin af póst- og símamálastjórninni. Talstöðvaverðir undirrita þagnarheit, en auk þess eru allir þeir, sem ábyrgð bera á starfrækslu talstöðva, bundnir slíku þagnarheiti, enda þótt þeir hafi ekki undirritað það.
- 5.5. Skyllt er að halda sérstaka radió-dagbók um allt það, er varðar rekstur stöðvanna svo sem innkomna og útfarna afgreiðslu.
- 5.6. Stöðvum þessum er skylt að sinna neyðarþjónustu og þjónustu vegna öryggis mannslífa, og má ekki í slíku tilfelli loka stöðvunum, fyrr en neyðar- eða öryggisþjónustunni er lokið.
- 5.7. Leyfishafi ber allan kostnað og alla ábyrgð af starfrækslu stöðvanna.
- 5.8. Viðskiptagjöld landfarstöðva eru tilgreind í grein 2.5. í þessum kafla gjaldskrárinnar.

XII. KAFLI

Afnot landssímalína til skákkeppni gegn niðursettu gjaldi.

- 1.1. Fyrir afnot landssímalína til skákkeppni greiðist $\frac{1}{2}$ venjulegs símtalagjalds á tímabilinu frá 1. október til 30. apríl kl. 21:00—08:00.
Lágmarksgjald miðast þó við þriggja stunda notkun á línunum. Hver byrjuð klukkustund telst sem heil.
Á öllum öðrum tímum en þeim, sem að framan getur, reiknast fullt gjald, samkvæmt símtalagjaldskrá (sbr. IV. kafla).
- 1.2. Umsóknir um afnot landssímalína til skákkeppni gegn niðursettu gjaldi skulu koma frá Skáksambandi Íslands og sendar skriflega til símtjórans í Reykjavík með minnst sólarhrings fyrirvara. Óskir um niðursett símagjöld til skákkeppni frá öðrum en Skáksambandi Íslands verða eigi teknar til greina.

XIII. KAFLI

1. Almennir skilmálar.

- 1.1. Sá, sem óskar að fá talsíma eða aukið samband eða breytingar á samböndum og tækjum, er hann hefur áður fengið, sendi um það skriflega umsókn.
Þar til gerð eyðublöð eru í símaskránni og fást einnig á símstöðvum og skal umsækjandi tilgreina fullt nafn, nafnnúmer og heimilisfang. Skal hann þá hlíta þeim kjörum og ákvæðum, sem sett eru eða sett kunna að verða um notkun símtækja og sambanda.
- 1.2. Símasambandi er venjulega ekki komið á við nokkra húseign, nema húseigandi leyfi endurgjaldslaust að koma fyrir þráðum og öðrum símatækjum á húsi og lóð, og ber þeim, er pantar sambandið, að sjá um, að slíkt leyfi húseiganda fái.

Krefjast má þess, að talsímanotendur setji tryggingu fyrir greiðslu allra gjalda fyrir afnot símans.

- 1.3. Póst- og símamálastjórnin ákveður, við hvaða stöð símabúnaður skuli tengjast, númer hans og nánara fyrirkomulag og getur síðan breytt um númer, ef það telst nauðsynlegt. Handvirk langlínusamtöl hafa forgangsrétt fram yfir innanbæjarsímtöl, og getur Landssíminn komið inn á sjálfvirk símtöl og beðið um, að viðkomandi leggi á, ef um innanbæjarsímtal er að ræða.
- 1.4. Enginn má gera eða láta gera breytingar á simasamböndum eða flytja símabúnað úr stað. Öll slík verk verða framkvæmd eftir beiðni, en notandi greiði það gjald, sem ákveðið er. Allir nýir símar eða talsímasambönd í kaupstöðum eða kauptúnum eru eign Pósts og síma, en notendur greiði stofngjald og afnotagjald. Starfsmenn stofnunarinnar hafa hvenær sem er aðgang að öllum símatækjum og símalögnum.
- 1.5. Talsímanotendum er skylt að fara vel og gæfilega með allan símabúnað er þeir hafa til afnota, og eru þeir bótaskyldir á öllu því, sem aflaga fer og ekki stafar af eðlilegu sliti, svo og öllu því, er glatast úr þeirra vörslu í þessum efnunum. Brunatrygging venjulegs talfæris er fólgin í leigunni.
Stranglega er hannað að setja nokkur tæki eða búnað í samband við tæki Pósts og síma, t. d. talfærasnúður o. þ. h., enda hefur Póstur og sími að sjálf-sögðu rétt til að taka allan slíkan búnað burtu og láta hlutaðeigandi sæta sektum eða missi símans, ef ástæða þykir til.
- 1.6. Bili símabúnaður, ber þegar í stað að tilkynna það viðkomandi stöðvarstjóra, er sér um, að gallarnir verði lagfærðir svo fljótt sem unnt er. Póstur og sími ber ekki ábyrgð á því, þótt sími verði ónothæfur um stund. Verði óþarfur dráttur á viðgerð símans má krefjast endurgreiðslu á afnotagjaldinu í hlutfalli við þann tíma, er síminn er ónothæfur, ef sambandsslitin eru meira en 10 sólarhringar á ári.
- 1.7. Póst- og símamálastjórnin tekur ekki á sig neina ábyrgð á afleiðingum þess, ef mistök kunna að eiga sér stað við afgreiðslu símskeyta eða símtala, hvort sem þau eru af völdum starfsmanna, línubilana eða af öðrum orsökum.
- 1.8. Enginn talsímanotandi má lána, leigja eða selja öðrum afnot talsímans nema með leyfi Pósts og síma. Sé það engu að síður gert, hefur notandi fyrirgert rétti sínum til símans, og getur stofnunin slitið sambandinu og tekið tækin burtu fyrirvaralaust, en notandi borgar samt afnotagjaldið til þess tíma, er hann hefði löglega getað sagt upp.
- 1.9. Ef sími eða annar fjarskiptabúnaður, sem hefur verið tekinn á leigu, hefur ekki verið notaður samfellt í 6 mánuði eða lengur, er póst- og símamálastjórnin heimilt að taka hann til afnota fyrir aðra, jafnvel þótt leigutaki vilji greiða áfram afnotagjald af hinum ónotaða síma eða búnaði. Gildir þetta einnig, þótt ekki hafi verið unnt að afgreiða beiðni um flutning símans á þeim tíma.
- 1.10. Póst- og símamálastjórninni er heimilt að synja þeim um síma eða loka sínum þeirra um stundarsakir eða að fullu, sem eftir athugun og að dómi hennar hafa verulega slæm áhrif á afgreiðslu sjálfvirku símstöðvarinnar, eða ef sími þeirra er misnotaður, svo sem með endurteknum gabbhringingum eða öðrum truflunum.
- 1.11. Sé lína einhvers notanda óhæfilega oft á tali að dómi póst- og símamálastjórnarinnar, getur stofnunin krafist þess, að notandinn fallist á lagfæringar.
- 1.12. Þeir, sem af ásettu ráði eða vitaverðu gáleysi valda skemmdum á sínum eða símatækjum og samböndum hafa fyrirgert rétti sínum til símans og sæta sektum samkvæmt 176. gr. hegningarláganna, nema verknaðinum sé þannig farið, að þyngri refsing liggji við samkvæmt lögum.

2. Greiðsluskilmálar.

- 2.1. Skráður réttthafi síma ber alla ábyrgð á greiðslum til Pósts og síma vegna notkunar á talfæri hans.
- 2.2. Eindagi síma- og radiógjalda er 10. dagur hvers mánaðar, og skal Póstur- og sími sjá um, að reikningar berist símnotendum með góðum fyrirvara. Fyrsta virkan dag eftir eindaga verður símalokunum beitt við innheimtu skulda að upphæð krónur 2 500 og hærri. Innheimt verður gjald, krónur 900, fyrir lokun og enduröppnun talsímasambands. Séu síma- og/eða radiógjöld eigi greidd þrem mánuðum eftir eindaga, verða þau send til lögtaks samkvæmt 1. gr. laga 29/1885.

3. Leigutími.

Þegar um er að ræða samband fyrir utan kaupstaðarlóð eða samband með sérstöku fyrirkomulagi, getur Póstur og sími krafist, að leigutíminn sé minnst eitt ár eða fleiri.

4. Uppsögn.

Segja má símasambandi upp um mánaðamót með minnst eins mánaðar fyrirvara, nema þar sem sérákvæði gilda, og skal uppsögn vera skrifleg.

5. Flutningar.

Ef talsímanotandi þarf að láta flytja símatæki þau, er hann hefur til afnota, skal hann tilkynna það skriflega hlutaðeigandi stöðvarstjóra, sem lætur því næst framkvæma flutninginn svo fljótt sem unnt er, en notandi greiðir hið ákveðna gjald. Gjaldið fyrir flutninginn greiðist fyrirfram.

XIV. KAFLI

Gjaldskrá þessi og reglur eru settar samkvæmt 12. gr. laga nr. 30 frá 1941 um fjarskipti og gengur í gildi 20. apríl 1978. Þó reiknast nýju gjöldin fyrir teljaraskref aðeins af símtölum, sem fram fara 20. apríl 1978 eða síðar. Jafnframt fellur þá úr gildi fyrri gjaldskrá og reglur útgefnar 19. janúar 1978.

Samgönguráðuneytið, 12. apríl 1978.

Halldór E. Sigurðsson.

Brynjólfur Ingólfsson.